

2.2.2008

Frá ritara efnh.- og skattanefndar

Iðnaðarmálagjald, 11. mál

Greinargerð íslenska ríkisins í máli Varðar Ólafssonar fyrir Mannréttindadómstól Evrópu

1. Jafngildir gjaldtakan ólögumætri eignaupptöku í skilningi Mannréttindasáttmála Evrópu?
2. Jafngildir gjaldtakan skerðingu á neikvæðu eða jákvæðu félagafrelsi í skilningi sáttmálans?
3. Jafngildir gjaldtakan skerðingu á tjáningafrelsi eða hugsanafrelsi í skilningi sáttmálans?
4. Felur gjaldtakan í sér mismunun í skilningi sáttmálans?

- Í greinargerð íslenska ríkisins er (með nokkurri einföldun undirritaðs) við það miðað að ef innheimta og ráðstöfun iðnaðarmálagjalds skerðir ofangreind mannréttindi þurfi hún að réttlætast af almannahagsmunum eigi hún að fá staðist

- Aðferðarfræði við mat á almannahagsmunum:

- Markmið – tilgangur löggjafans verður að vera lögmætur í skilningi sáttmálans
- Meðalhóf – útfærsla löggjafans verður að vera til þess fallin að ná markmiðinu
- Nauðsyn – útfærsla löggjafans má ekki ganga lengra en nauðsynlegt er
- Jafnræði – mismunun í skilningi sáttmálans er óheimil

- Atriði sem íslenska ríkið bendir á til stuðnings iðnaðarmálagjaldi:

- Skattur, sbr. 1. gr. laga um iðnaðarmálagjald, nr. 134/1993
 - Réttur aðildarríkja til að leggja á skatta er almennt viðurkenndur
 - Gjaldið er lagt á með lögum á aðila sem starfa í iðnaði (yfir 10.000)
 - Gjaldið er lagt á eftir almennum og efnislegum mælikvarða (lög nr. 81/1996)
 - Fyrirtæki í sjávarútvegi og landbúnaði eru undanþegin gjaldinu
 - Opinber fyrirtæki eru undanþegin gjaldinu
 - Ekki íþyngjandi m.t.t. fjárhæðar, gjaldstofns, frádráttarbærni og vanskila
 - Ekki ígildi félagsgjalds, ekki frekar en framlag af fjárlögum til félagasamtaka
 - Stendur ekki í vegi fyrir aðild að öðrum félagasamtökum en SI
 - Tollstjórinn í Reykjavík annast innheimtu gjaldsins
 - SI fær ekki vitneskju um þá sem ekki standa réttilega skil á gjaldinu
- Markaður tekjustofn, sbr. 3. gr. laganna
 - Iðnaður er ein mikilvægasta atvinnugrein þjóðarinnar
 - Mat löggjafans að það þjóni þjóðfélaginu best að tekjurnar renni til SI
 - SI eru regnhlífasamtök sem vinna fjölbreytt starf í þágu aðila iðnaðarins
 - Skilyrði fyrir inngöngu í SI eru almenns eðlis
 - SI eru ekki stjórnmalasamtök og tekur ekki þátt í stjórnmalum (ESB umræða)
- Ráðstöfun, sbr. 2. gr. laganna
 - Tekjum af iðnaðarmálagjaldi er haldið aðgreindum frá öðrum tekjum SI
 - Iðnaðarmálagjaldi á að verja í þágu sameiginlegra hagsmuna iðnaðarins
 - Félagsgjöldum er varið í þágu sérstakra hagsmuna félagsmanna
 - Félagar eru u.þ.b. 1.200 (félagar sem greiða iðnaðarmálagjald fá afslátt)

- Eftirlit, sbr. 3. gr. laganna
 - SI sendir skýrslur til iðnaðarráðuneytis um ráðstöfun gjaldsins
 - Ráðuneytið hefur beint tilmælum til SI í kjölfar athugasemda EFTA
 - Ríkisendurskoðun hefur heimild til að staðreyna reikninga SI
 - Hæstiréttur Íslands hefur þurft að taka afstöðu til iðnaðarmálagjalds

○

Eiríkur Áki